




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Nýjar námur við Skálpanesveg

13.01.2021



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anna Bragadóttir



BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Náttúra	5
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.2.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.2.3	Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
2.2.4	Deiliskipulag	7
2.2.5	Minjar	7
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	7
3.1	Uppdráttur	7
3.2	Greinargerð	7
4	UMHVERFISÁHRIF	8
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	8
4.2	Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið	9
4.2.1	Valkostir og samanburður	10
4.2.2	Niðurstaða	10
5	MÁLSMÆÐFERÐ	11
5.1	Skipulags og matslýsing	11
5.2	Umsagnaraðilar	11
5.3	Skipulagsferli	11

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að skilgreina á tvö ný efnistökusvæði við Skálpanesveg. Efnið verður nýtt til að gera endurbætur á veginum.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

2 FORSENDUR

Skálpanesvegur (nr. 336) liggur af Kjalvegi á Bláfellshálsi og að Langjökli. Vegurinn milli skála í Skálpanesi og Langjökuls er grófur og ósléttur og þarfnast ofaníbúðar.

Efnistökusvæðin eru við Skálpanesveg. Umferð um veginn er helst í tengslum við vélsleðaferðir á Langjökul. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Vegagerðarinnar er meðalumferð um Skálpanesveg yfir sumartímamann (SDU) 19 bílar á dag og meðalumferð á dag yfir allt árið (ÁDU) er 6 bílar á dag.


Í gildandi aðalskipulagi er talsverður fjöldi af efnistökusvæðum með Kjalvegi. Vegagerðin metur það svo að þar sem heppilegt efni til vegagerðar er á þessum tveimur stöðum þá sé betra að nýta það og aka styttri vegalengd frekar en að nota núverandi námur á aðalskipulagi.

2.1 Náttúra

Bæði efnistökusvæðin eru við Skálpanesveg. Það svæði sem er við Geldingafell, nær Kjalvegi, var nýtt í núverandi Skálpanesveg, þar er því um að ræða raskað svæði sem er nánast í vegkantinum. Efnistökusvæðið sem er nær Langjökli er skammt frá Skálpanesvegi.

Á svæðinu eru ekki þekkt náttúrufrýrbærir sem njóta sérstakrar verndar, skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt vistgerðarkortum Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna vistlendið mela og sandlendi. Þar eru vistgerðirnar mosamelavist, víðmelavist, grasmelavist og eyðimelavist. Allar hafa þær lágt verndargildi. Mjög lítil gróður er á svæðinu.

Víðerni á svæðinu hafa verið kortlögð gróflega í samræmi við skilgreiningu í 5 gr. í lögum um náttúrvernd, nr. 60/2013 m.s.br. sem; „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og [að jafnaði] í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum



MYND 1. Víðerni í nágrenni fyrirhugaðra efnistökusvæða.

ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“.

Út frá þessari skilgreiningu voru víðerni teiknuð í 5 km fjarlægð frá Kjalvegi, Skálpanesvegi og skálum (Mynd 1).

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlaða eða breytinga á þeim.

Skipulag miðhálandis Íslands

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars.

2.2.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði. Eftirfarandi stefna er fyrir efnistöku-svæði, kafli 2.4.9.

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

2.2.3 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Víðerni á svæðinu eru afmörkuð gróflega skv. 5 gr. laga um náttúrvernd, nr. 60/2013 m.s.br. Kjalvegur, Skálpanesvegur og skálar skerða víðerni. Þar sem bæði efnistökusvæðin eru við Skálpanesveg, sem er tengivegur skv. vegaskrá, þá hafa þau ekki áhrif til skerðingar víðerna. Á þessu svæði eru ekki þekkt náttúrufrýrbæri sem njóta verndar.

Í aðalskipulagi er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða, þau séu í námunda við notkunarstað efnis og að þau séu ekki á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.

Breytingin er talin vera í samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag.

2.2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2.2.5 Minjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmda-tíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á uppdrætti fyrir afréttinn og greinargerð.

3.1 Uppdráttur

Sett eru inn tvö ný efnistökusvæði, E129 og E130.

3.2 Greinargerð

Í gildandi skipulagi eru skilmálar um umgengni og frágang efnistökusvæða og gilda þeir einnig fyrir ný svæði. Þetta á t.d. við um eftirfarandi þætti:

- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að vinnslu lokinni.
- Við frágang efnistökusvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróðurfar.
- Áhersla er á að gengið verði frá hverju efnistökusvæði strax að efnistöku lokinni.

Gerð er breyting á kafla 2.4.9 um efnistöku- og efnislosunarsvæði. Í töflu yfir efnistökusvæði er bætt við eftirfarandi svæðum:

NR	HEITI	LÝSING	SVÆÐI/JÖRÐ
E129	Skálpanes	Malarnáma, stærð er allt að 1 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ . Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsynlegt er vegna efnistökkunnar. Vinnslutími námunnar skal vera sem stytur. Ganga skal jafn óðum frá þeim hluta efnistökusvæðisins þar sem efnistöku er lokið.	Afréttur
E130	Geldingafell	Malarnáma við Geldingafell. Stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 5.000 m ³ . Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsynlegt er vegna efnistökkunnar. Vinnslutími námunnar skal vera sem stytur. Ganga skal jafn óðum frá þeim hluta efnistökusvæðisins þar sem efnistöku er lokið.	Afréttur

Af Skálpanesvegi verða vegslóðar að námunum. Verða þeir fjarlægðir að lokinni efnistöku og land aðlagað að landinu umhverfis.

4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Áformuð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sem framkvæmd í C flokki skv. lið 2.04 í 1. Viðauka. „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbótnei þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³“. Efnistaka af þessari stærð er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sem tekur ákvörðun um matsskyldu.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímallengd breytinganna sem eru fyrrséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og ná til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennt stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður	Hefur stefnan áhrif á gróður / votlendi?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 56. og 61. gr. Vistgerðarkortlagning NÍ. Vistgerðir með hátt verndargildi
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðisins? Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 1. og 2. mgr. 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.1.
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.1.
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. 16. og 23. gr.
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi ferðamanna?	Stefna í aðalskipulagi um efnistöku-svæði. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.1.

4.2.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- **Breytt skipulag.** Bætt verður inn tveimur nýjum efnistökusvæðum við Skálpanesveg, heimilt verður að vinna alls 25.000 m³ af efni.
- **Núll – kostur.** Landnotkun breytist ekki.

Samanburður

Breytt skipulag: Ekki er vitað um jarðmyndanir á svæðinu sem þykja sérstæðar eða njóta verndar. Áhrif á slíkar jarðmyndanir eru engin. Svæðið er gróðursnauður melur og ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Áhrif á gróður eru óveruleg. Efnistaka hefur áhrif á ásýnd og landslag meðan á henni stendur. Verði fylgt skilmálum um frágang á svæðinu og land aðlagað að umhverfinu að efnistöku lokinni, þá ættu áhrifin að vera óveruleg. Efnið úr námunum verður notað til að bæta Skálpanesveg og þar með aðgengi að svæðinu. Skálpanesvegur er m.a. nýttur til að fara með ferðamenn á Langjökul og með betri vegi verður aðgengi að jöklinum betra. Í gildandi aðalskipulagi er nokkur fjöldi efnistöku-svæða með Kjalvegi og eru þau ætluð til endurbóta á vegum. Samt sem áður metur Vegagerðin það svo að þar sem heppilegt efni til vegagerðar sé á þessum tveimur stöðum þá sé betra að nýta það og aka styttri vegalengd með efni.

Nýtingarmöguleikar svæðisins batna. Ætla má að gildi svæðisins verði meira þegar fleiri eiga þess kost að komast þangað og njóta þess. Ekki eru þekktar minjar á svæðinu og áhrifin því engin. Þar sem hluti Skálpanesvegar er ógreiðfær slóði þá batnar öryggi ferðamanna með því að nýta efni úr efnistöku-unum til endurbóta á veginum. Stefnan hefur jákvæð áhrif á öryggi ferðamanna. Meðan á efnistöku stendur er hún líkleg til að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna sem fara um Skálpanesveg. Þegar gengið hefur verið frá svæðinu og það aðlagað að landi umhverfis þá eru ummerki nokkuð fljót að hverfa og áhrifin engin.

Núll-kostur: Aðgengi að Langjökli um Skálpanesveg verður óbreytt og þar með nýtingarmöguleikar og gildi svæðisins. Skálpanesvegur verður óbreyttur og þar með öryggi ferðamanna sem fara um veginn. Áhrif á landnotkun og öryggi ferðamanna eru metin óveruleg/neikvæð. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg/engin.

4.2.2 Niðurstaða

Sveitarfélagið vill að haldið verði áfram endurbótum á helstu hálendisvegum. Það telur þörf á að lagfæra Skálpanesveg til að bæta aðgengi að Langjökli og öryggi ferðamanna sem fara um veginn. Þó nokkur fjöldi efnistökusvæða sé með Kjalvegi þá dregur það úr akstri að taka efni sem næst notkunarstað. Sveitarfélagið telur að áhrif af efnistöku verði jákvæð/óveruleg ef farið er eftir skilmálum um nýtingu og frágang skv. gildandi skipulagi.

5 MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing var auglýst frá 16.12.2020 með athugasemdafresti til 08.01.2021. Umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun mælir með að sett verði ákvæði um vinnslutíma. Í umhverfismati tillögunnar þarf að vera skýrt hvaða viðmið voru nýtt við matið.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Forsætisráðuneytið

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.


5.3 Skipulagsferli

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. <http://www.utu.is/>. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa fyrir auglýstan tímafrest.


Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í byrjun árs 2021 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda snemma vors.

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Nýjar námur við Skálpanesveg



Breyttur aðalskipulagsuppráttur.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur.

SKÝRINGAR

- ATVINNA
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
 - Óbyggð svæði
 - Efnistöku- og efnislosunarsvæði

- SAMGÖNGUR
- Stofnvegir á háendi
 - Tengivegir
 - Gönguleiðir
 - Reiðleiðir
 - Reiðhjólaleiðir

- TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN
- Hverfisvernd

- TÁKN TIL SKÝRINGAR
- Skipulagsmörk

SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn:

- Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:100.000.
- Greinargerð og umhverfisskýrsla.

Kortagrunnar:

IS50v frá Landmælingum Íslands.
Hnitakerfi er í ISN93.



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
Nýjar námur við Skálpanesveg

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
3502-014	A4	IS	---

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:100.000	13.01.2021	---

SAMPYKKT: